

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og eyðingu) á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði: kr. 7.900 á íbúð, m.v. 240 lítra tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum og 240 lítra einingu:

Flokkur	Kr.	Flokkur	Kr.
1, (1,0 eining)	11.000	11, (35,0 einingar)	385.000
2, (2,0 einingar)	22.000	12, (40,0 einingar)	440.000
3, (2,8 einingar)	31.625	13, (45,0 einingar)	495.000
4, (6,0 einingar)	66.000	14, (50,0 einingar)	550.000
5, (9,4 einingar)	104.000	15, (60,0 einingar)	660.000
6, (14,3 einingar)	158.125	16, (75,0 einingar)	825.000
7, (18,7 einingar)	206.250	17, (90,0 einingar)	990.000
8, (24,0 einingar)	261.250	18, (105,0 einingar)	1.155.000
9, (28,0 einingar)	309.375	19, (120,0 einingar)	1.320.000
10, (33,0 einingar)	364.375	20, (135,0 einingar)	1.485.000

Aðilar, sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á gámastað greiða 75% af gjaldi viðkomandi flokks.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjaldið skal innheimt með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingarvísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig, 1. áfangi starfsgreinavísitölu 08 og 09).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.000 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.000 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.000 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 3.200 fyrir tonnið.

Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Fyrir blandaðan úrgang greiðast kr. 7.500 fyrir tonnið.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 500 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa, meðan ekki er komið á kerfi fyrir ósoneyðandi kælimiðla í samræmi við lög um spilliefnagjald.

7. gr.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 lítra sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 lítra og 1100 lítra íláti. Endumýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 18. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um störf prófnefndar mannvirkjahönnuða.

I. KAFLI

Prófnefnd.

1. gr.

Umhverfissráðherra skipar nefnd, prófnefnd mannvirkjahönnuða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn og jafn margir varamenn, allir sérfróðir um byggingarmálefni. Nefndin skiptir með sér verkum, ennfremur getur hún ráðið sér starfsmann.

Kostnaður vegna nefndarinnar skal borinn af staðfestingar-, kennslu- og prófgjöldum.